

Fundur 3.3.2025 Krakara, kona af fornum kynstofni.

Góða kvöldið, komið þið sæl.

*Góða kvöldið.*

Gott er það að geta tjáð sig og talað rétt og vel. En þegar við vorum uppi á jörðinni ykkar, þá var okkur það ekki fært nema að litlu leiti.

En hér send ég og nýt þess að fyrir all löngu komumst við á mikla framfara leið, og fengum við vit og þroska á við ykkur.

Og höfum við reynt að vera á lífstefnu brautinni síðan það gerðist og láta gott af okkur leiða, og get ég sagt það með sanni, eftir að mér hefur verið unnt að fá vit og þroska til að læra og vera í skólum og mennta mig og skilja eðli hlutanna.

Að ekki þróuðumst við, heldur vorum við sköpuð og hefðum við ekki náð svipuðu þroskastigi og þið, ef ekki hefði komið til samskonar erfða blöndun og erfða breyting og átti sér stað, þegar okkar tegund var búin til af dýraríkinu, úr öpum nánar tiltekið.

En margir vísindamenn á ykkar jörð munu víst ekki meðtaka þetta og tengja það við trúarbrögð, en þegar fram líða stundir munu þó væntanlega fleiri vísindamenn ykkar komast á þá skoðun, að vísindalegra sé að telja að ekki geti tegundirnar orðið til af sjálfu sér.

Eru það nokkuð margar jarðvistir sem liðið hafa frá því að þjóðfélag okkar varð svo tæknivætt og fullkomið að við fórum að geta tekið þátt í sambandsfundum eins og þessum, en var það mikið ánægjuefni.

Og held ég enn mínu heiti, og hef ég auk þess hækkað og frikkað og bakið orðið beinna og svipurinn djarfmannlegri, eins og ætt mín.

Vildi ég gjarnan fræða ykkur um þjáningar þær sem við upplifðum í upphafi, og hvernig við skyldum ekki hlutskipti okkar, en lifðum samkvæmt eðlisávisunum.

Og vildi ég gjarnan koma því á framfæri að hef ég lært það að ekki var nauðsynlegt að gera okkur svo frumstæð, og láta okkur líða ýmsar þjáningar, og ofbeldi sem beitt var í því samfélagi.

En munum við og aðrir afkomendur okkar hafa verið notaðir til að vinna málma og auðæfi úr jörðu fyrir ýmsa, eins og Jahve.

Og hefði verið unnt að láta okkur lifa betra lífi. Það kom að vísu fyrir talsvert miklu seinna í framlífi, að við breyttumst og tókum við þar þátt í menningarsamfélagi nokkru, en vorum við útsett fyrir stéttaskiptingu, vinnuþrælkun og höfðum ekki náð því stigi sem við náðum miklu síðar.

Ekki man ég vel eftir árum mínum á jörðinni og var hjálmur settur á höfuð mitt og mér var sýndur veruleiki, þar sem ég fékk að horfa í kringum mig og rifja upp það dýrslega eðli eins og við lifðum hér áður fyrir.

Og rifjaðist þá ýmislegt upp, en þau ár renna saman, en margt merkilegt gerðist þó síðar.

Höfum við ágætt lífmagn og styrk og viljum við hjálpa ykkur með það, ég er ekki af Cro Magnon ættinni, heldur annari ætt sem var þar á undan og mörg hundruð ár síðan.

*Mörg þúsund ?*

Já, mörg hundruð þúsund ár síðan.

Við, man ég eftir okkur þar sem við hjálpuðum til við að grafa skurði, en ekki voru þær byggingar reistar með okkar höndum, heldur samskonar byggingar reistar og voru á jörðinni og voru þar geimför yfir og létu steinana svífa á rétta staði, og tilhöggirnir steinar, en grófum við skurði og veittum við vatni og öðru réttan farveg.

Vorum við þrælur í framlífi og var það samhlíða þróun og á ykkar jörð, samhlíða þróun.

Já það er margt að minnast, en hér í þessu framlífi er líf okkar allt orðið betra og njótum við lífspæginda eins og þið.

Verð ég nú að kveðja, finn ég erfiðleika við að nota orkuna til að rifja þetta upp.

Ég nota mitt forna heiti sem ég fékk á jörðinni Krakara.

*Krakara ?*

Já, þakka ég fyrir mig og óska ykkur allra heilla og veit ég að við getum veitt ykkur orku og vit okkar er,

*Þakka ykkur fyrir líka og óska ykkur alls hins besta líka.*

Já þakka ég fyrir, verið þið sæl.

*Þakka þér fyrir og vertu sæll.*

Ég er kvenkyns.

*Já kvenkyns, gaman að því.*

Já Krakara.

*Já er það eitt orð ?*

Já verið þið sæl takk fyrir.

*Vertu sæl og þakka þér fyrir, megi ykkur öllum vaxa ásmegin.*